

M-71/2008. Álit 27. nóvember 2008

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. nóvember 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-71/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á kæliskáp hjá raftækjaversluninni Y. Álitsbeiðandi segir að ásett verð á skápnum hafi verið kr. 189.900 en við afhendingu skápsins hafi seljandi krafist hann um kr. 50.000 til viðbótar þeirri fjárhæð. Gerir hann kröfu til þess að verðið kr. 189.900 standi óbreytt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. október sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum sem bárust 7. nóvember. Með bréfi, dags. 12. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 14. nóvember. Með bréfi, dags. 19. nóvember sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að 12. september sl. hafi hann greitt inn á kaupverð kæliskáps hjá Y kr. 47.000 eins og áskilið hafi verið af seljanda til að „festa“ hann en uppsett kaupverð hafi verið kr. 189.900 og fyrir því hafi hann fengið kvittun.

Vísar álitsbeiðandi þar um til skjals sem stafar frá Y sem ber yfirskriftina „staðfesting“ og er dags. 12. september sl. Vöruheitið er- kæliskápur með klakavél, hvítur. Einingarverð sé kr. 152.530 og virðisaukaskattur kr. 37.370 eða samtals kr. 189.900. Þá kemur og fram að innborgaðar hafi verið kr. 47.000.

Álitsbeiðandi segir að mánuði seinna hafi hann ætlað að ganga frá kaupnum og sækja skápinn. Þá hafi verð hans hækkað um kr. 50.000 eða 26%.

Í tölvupósti álitsbeiðanda til Neytendasamtakanna segir að í samtali við verslunarstjóra seljanda hafi komið fram að innkaupin á kæliskápnum væru gerð í dönskum krónum en á reikningi fyrir innágreiðslu sé ekki gerður neinn fyrirvari um verðhækkun. Við skoðun á gengi krónunnar miðað við dagsetningu innágreiðslu annars vegar og uppgjörs hins vegar komi í ljós að danska krónan hafi hækkað um 17,5% en andvirði skápsins um 26,3%.

Álitsbeiðandi kveðst óska eftir því að seljandi standi við upprunalegan samning þar sem samið hafi verið um að kaupverð kæliskápsins væri kr. 189.900, en þeirri kröfu hafi seljandi hafnað.

IV

Andsvör gagnaðila

Seljandi segir í andsvörum sínum að kvittun sú sem áljtsbeiddandi vísi til sé ekki endanleg kvittun fyrir kaupunum á kæliskápnun og hafi því ekki að geyma endanlegt söluverð. Kvittunin sé einungis um innágreiðslu áljtsbeiddanda enda beri hún yfirskriftina staðfesting. Í öllum viðskiptum seljanda þegar um sérpantanir sé að ræða gildi sú regla að kaupandi greiði 25% inn á vöruna sem tryggingu fyrir því að hún verði sótt og endanlegt kaupverð greitt. Sú upphæð sem nefnd sé í kvittuninni sé því ekki endanlegt söluverð heldur einungis viðmið við útreikning á innágreiðslu á þeim tíma sem hún sé innt af hendi. Á endanlegri kvittun fyrir kaupunum séu skilmálar þar sem komi fram að söluverð vörunnar taki breytingum með tilliti til gengisþróunar hvort heldur sé til lækkunar eða hækkunar á verðinu. Illmögulegt sé fyrir seljanda í viðskiptum við erlenda birgja að festa verð á vörunni þegar innborgun eigi sér stað. Af þessum ástæðum sé kröfum áljtsbeiddanda hafnað, en seljandi sé þó tilbúinn til þess að bjóða fram sátt, þ.e. að áljtsbeiddandi greiði kr. 25.000 í stað kr. 50.000.

V

Athugasemdir áljtsbeiddanda

Í athugasemdum sínum segir áljtsbeiddandi að í viðskiptunum við seljanda hafi ekki verið um sérpöntun að ræða heldur hafi varan verið til á lager samkvæmt upplýsingum seljanda. Aldrei hafi verið gerður neinn fyrirvari í viðskiptunum, hvorki munnlega né skriflega, um verð eða verðbreytingar fyrr en komið hafi verið að því að sækja kæliskápin. Það sé því harla undarlegt verklag að gera fyrirvara um mögulegar verðbreytingar eftir að endanlegt kaupverð hafi verið greitt.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur áljtsbeiddanda og Y., falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti eins og þau sem aðilar áttu saman falla efni sínu samkvæmt undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.-3. mgr. 1. gr. laganna. Hins vegar er það svo að deiluefni aðila er ekki hægt að heimfæra sérstaklega undir ákveðin ákvæði laganna og verður kæruneftndin því að byggja áljt sitt á almennum lagareglum.

Á skjali því sem ber yfirskriftina „staðfesting“, og lýst er í kafla III hér að framan, kemur fram verð á kæliskápnun sem áljtsbeiddandi hugðist kaupa, þ.e. kr. 189.900 með virðisaukaskatti, og af því verði greiddi hann 12. september sl. kr. 47.000 eða rétt rúm 25%. Á þessu skjali er ekki að finna neinn fyrirvara af hálfu seljanda um að þetta tilgreinda verð kunní að hækka eða lækka eftir því hvert gengi danskrar krónu verði á afhendingardegi vörunnar eða á öðru tímamarki. Ekki verður ráðið af gögnum sem frá áljtsbeiddanda stafa að honum hafi verið gerð munnlega grein fyrir því þegar hann greiddi inn á kaupverð kæliskápsins að tilgreint verð á staðfestingarskjalinu kynni að breytast. Í andsvörum seljanda er því ekki haldið fram að áljtsbeiddanda hafi verið gerð grein fyrir þessu fyrr en að því kom að afhenda ísskápin, en vísað til þess að á endanlegri kvittun fyrir kaupunum séu skilmálar þar sem komi fram að söluverð vörunnar taki breytingum með tilliti til gengisþróunar hvort heldur til lækkunar eða hækkunar. Kæruneftndin telur

að samkvæmt gögnum málsins verði hún að byggja álit sitt á því að málsatvik séu þau sem að framan er lýst.

Það er álit kærunefndarinnar að til þess að seljanda teldist nú heimilt að krefja álitsbeiðanda um hærra verð en á staðfestingarskjalinu er gefið upp hafi honum borið að gera álitsbeiðanda grein fyrir því með skýrum hætti í síðasta lagi við innágreiðsluna 12. september sl. að kaupverð kæliskápsins gæti tekið breytingum frá því verði sem skráð er á staðfestingarskjalinu miðað við verð danskrar krónu. Verður ekki séð að neitt hafi verið seljanda því til fyrirstöðu að gera fyrirvara af þessu tagi strax en geyma það ekki þar til kom að afhendingu kæliskápsins eins og hann sýnist hafa gert. Vitneskja álitsbeiðanda um að verð skápsins kynni að verða hærra en það verð sem á staðfestingarskjalinu stóð hefði sem best getað ráðið úrslitum um það hvort hann keypti kæliskápinn eða ekki. Álitsbeiðanda hefði þannig verið í sjálfsvald sett að ákveða hvort hann tæki þá áhættu sem slíkum verðútreikningi fylgdi og gera þá kaupin á þeim forsendum eða hætta við þau. Samkvæmt því sem að framan er rakið er það álit kærunefndarinnar, eins og málsatvikum er háttað og að framan er lýst, að seljandi, Y, geti ekki krafist álitsbeiðanda um greiðslu hærra verðs fyrir kæliskápinn en tilgreint er á staðfestingarskjalinu frá 12. september sl., þ.e. kr. 189.900, og beri því að afhenda álitsbeiðanda kæliskápinn gegn greiðslu þeirrar fjárhæðar að frádreginni innborgun hans, kr. 47.000.

VII

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að afhenda, álitsbeiðanda, X, hvítan- kæliskáp með klakavél gegn greiðslu á kr. 142.900.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

